



Borgarráð

Langahlíð og Drápuhlíð, Hlíðar – Endurgerð gatna

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna framkvæmda við endurgerð götu og veitukerfa í Lönguhlíð og Drápuhlíð.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í apríl 2026 og er stefnt að því þeim verði lokið fyrir árslok 2027.

Kostnaðaráætlun er 1.170 m.kr., þar af er kostnaður Reykjavíkurborgar 525 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdir fela í sér endurgerð götu og veitukerfa í Lönguhlíð frá Eskitorgi að Miklubraut og í Drápuhlíð vestan Lönguhlíðar.

Í Lönguhlíð verður áfram ein akrein í hvora átt en miðeyja mun detta út, gangstéttir verða næst lóðamörkum og einstefnu hjólastígar upp við gangstéttar. Blágrænar ofanvatnslausnir verða á milli götu og stíga.

Í Drápuhlíð hefur endanleg útfærsla ekki verið ákveðin, samvinna er í gangi við slembiúrtak íbúa úr hverfinu. Verkhönnun er samkvæmt forhönnun en gæti tekið breytingum.

Í verkinu felst upprif og förgun á núverandi yfirborði, jarðvegsskipti og lagningu veitumiðla. Yfirborðsfrágangur verður malbik, steypa, hellulögn, gróðurbeð ásamt almennum götugögnum. Tvö tímabundin biðskýli Strætó verða í Lönguhlíð.

Um er að ræða sameiginlegt framkvæmdaútbóð með Veitum.

Kostnaðarstaðir: 3108

Kostnaðaráætlun: 525 m.kr.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónusta

Hjálagt:

- Kynning



Langahlið og Drápuhlið

Hlíðar – Endurgerð gatna

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ




Verkmörk






Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felst í endurgerð götu og veitukerfa í
 - Lönguhlíð frá Eskitorgi að Miklubraut
 - Drápuhlíð vestan Lönguhlíðar
- Langahlíð
 - Áfram með einni akrein í hvora átt (miðeyja dettur út)
 - Gangstéttir næst lóðamörkum
 - Einstefnu hjólastígar upp við gangstéttar
 - Blágrænar gróðurlausnir milli götu og stíga
- Drápuhlíð
 - Endanleg útfærsla ekki ákveðin
 - Samvinna í gangi við slembiúrtak íbúa úr hverfinu
 - Verkhönnun skv. forhönnun en gæti tekið breytingum
- Um er að ræða
 - Upprif og förgun á núverandi yfirborði, jarðvegsskipti, lagningu veitumiðla.
 - Yfirborðsfrágangur verður malbik, steypa, hellulögn, gróðurbeð ásamt almennum götugögnum.
 - Tvö tímabundin biðskýli Strætó verða í Lönguhlíð.
- Sameiginlegt framkvæmdaútbóð með Veitum






Yfirborðsfrágangur - Langahlið





Yfirborðsfrágangur - Drápuhlíð

Með fyrirvara um breytingar vegna samstarfs við íbúa í formi vinnustofu





Kostnaður og verktími

- Verkkaupar:
 - USK 45%
 - Veitur ohf. 55%
- Kostnaðaráætlun: 1.170 m.kr.
 - (flokkur 2 skv. kostnadur.is)
- Hluttur Reykjavíkurborgar: 525 m.kr.
 - 2026 125 m.kr.
 - 2027 400 m. kr.
- Áætlaður framkvæmdatími
 - Mars 2026 – Desember 2027



Markmið og stefna

- Framkvæmdin er fyrsti hluti í endurgerð gatna skv. nýju hverfisskipulagi Hlíða
- Áætlaðar breytingar eru í samræmi við stefnu borgarinnar um meðhöndlun ofanvatns og vistvænar samgöngur
- Framkvæmd er hluti af hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar og miðar hönnun við leiðbeiningar um Hönnun fyrir alla





Reykjavík